

Ár 1975, þriðjudaginn 8. júlí, var í málinu nr. 13/1975
kveðinn upp af Yfirfasteignamatnefnd svohljóðandi

Ú R S K U R Ð U R :

Málavextir eru þeir, að Andlegt Þjóðráð Bahá'ía á Íslandi
er eigandi 2,7 ha lands (staðgr. 2280-6570) í Kópavogi. Á land
þetta hefur verið lagður fasteignaskattur af hálfu Kópavogsskaup-
staðar, sem hefur sýnjað beiðni um niðurfellingu skattsins.
Máli þessu hefur Andlegt Þjóðráð Bahá'ía á Íslandi skotið til
Yfirfasteignamatnefndar með bréfi frá 10. júní 1975. Er kærna
á því reist, að umrætt land sé undanþegið fasteignaskatti sam-
kvæmt 5. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga. Í
bréfinu segir meðal annars:

„Þjóðráðið keypti landareignina á Nónhæð á sínum tíma í þeim
tilgangi einum að reisa þar Guðshús sitt, þegar efni og aðstæður
leyfðu. Með þeim skilningi var landið selt og kemur það fram í
samningi Þjóðráðs og seljanda, en þar segir, að á landinu eigi
að reisa hús til "andlegra íðkana" (sjá ljósrít IV.). Í umsókn
Andlega Þjóðráðsins til Dómsmálaráðuneytisins, 10. apríl 1973,
um heimild til eignarréttar á lóð á Nónhæð, er bygging mustæris
tilgreind sem ástæðan fyrir lóðar kaupunum, (ljósrít V.).
Einn fremur leyfum við okkur að vekja athygli yðar á 2. gr.
forræðisyfirlýsingar Andlega Þjóðráðsins, annarri málsgrein, sem
hefst á orðunum: "Þessum markmiðum ber að ná", (ljósrít VI.)

Bahá'ía mustæri eru til í öllum fimm heimsálfum af þeirri gerð,
sem reisa á hórlendis. Þau eru opin jákendur allra trúarbragða,
án greinarmuns, til "andlegra íðkana", þ.e. menagjörða og almenns
helgihalds, í samræmi við meginkenningu Bahá'í Trúarinnar um
einingu allra trúarbragða. Umhverfis þessi Guðshús á, samkvæmt
fyrirmælum Bahá'í ritninganna, að reisa sjúkrahús, eilíheimili og
aðrar líknarstofnanir."

Samkvæmt framansögðu er fyrirhugað, að á umræddu landi verði
reist mannvirki, er njóti undanþágu frá fasteignaskatti samkvæmt
5. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga og 6. gr. reg-
lugerðar nr. 320/1972 um fasteignaskatt. Á meðan þeirri fyrirrotlan
hefur ekki verið hrundið í framkvæmd, bróstur hins
veggar lagaskilyrði fyrir undanþágu frá fasteignaskatti samkvæmt
nefndum lagaákvæðum. Verður kærna því ekki tekin til greina.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð :

Framangreind kæra er ekki tekin til greina.

Gaukur Jörundsson

Torfi Ásgeirsson

Magnús Thoroddsen